



Borgarráð

Hraunbær 103A - Ósk um samþykki á tilboði hæstbjóðanda með fyrirvara um fjármögnun

Óskað er eftir að borgarráð samþykki tilboð Byggingarfélagsins Hraunborgar ehf., kt. 650816-1370, að fjárhæð kr. 780.717.300,- með fyrirvara um að félagið skili inn fullnægjandi gögnum um fjárhagsstöðu fyrirtækisins, fjármögnun lóðar og byggingarframkvæmda og uppfylli með því skilyrði 3.3 og 3.4 gr. í úthlutunar- og útboðsskilmálum fyrir lóðina Hraunbær 103A.

Greinargerð: Þann 14. desember sl. voru opnuð tilboð í byggingarrétt, að meðtöldum gatnagerðargjöldum, á lóðinni Hraunbær 103A. Á lóðinni er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði handa öldruðum allt að 6.035 m² að stærð. Tilboð Byggingarfélagsins Hraunborgar ehf., kt. 650816-1370, nam 780.717.300 kr., þar af gatnagerðargjald 66.342.755 kr., og var það hæsta tilboðið sem barst.

Félaginu ber að skila til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar gögnum um fjárhagsstöðu og sýna fram á fjármögnun lóðar og byggingarframkvæmda áður en hægt er að fella niður fyrirvara um fjármögnun og úthluta lóðinni með byggingarrétti.

Hrólfur Jónsson





Hjálagt:
Tilboðsskrá


Árið 2016 miðvikudaginn 14. desember kl. 15:15 voru bókuð inn tilboð vegna auglýsingar Reykjavíkurborgar „Byggingaréttur fyrir lóðina Hraunbæ 103A“. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Reykjavík.
Fundu stjórnaði Guðbjörg Eggertsdóttir. Fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir

Eftirfarandi aðilar / fyrirtæki skiluðu inn tilboði:

1	Novo bygg ehf.	kr.	360.000.000
2	Byggingafélagið Hraunborg	kr.	780.717.300
3	Dverghamrar ehf.	kr.	540.000.000
4	Vogaland ehf.	kr.	488.500.000
5	Arcus ehf.	kr.	441.000.000
6	Varmárbyggð ehf.	kr.	401.000.000
7	Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.	kr.	341.000.000
8	Þórsbygg ehf.	kr.	154.000.000
9	JTV ehf.	kr.	488.835.000
10	VSV ehf.	kr.	375.129.565

Fleiri tilboð bárust ekki.
Fundu slitið kl. 15:22


Guðbjörg Eggertsdóttir
Hrekna Þórsdóttir
Unnur Óskarsdóttir


Hrekna Þórsdóttir



Karta
